

myndlist

Halldór B. Runólfsson
skrifar



Kirkjan og trúin hafa í sameiningu haft afgerandi áhrif á íslenskar listir, eins og listir annarra þjóða. Það var því tími

til kominn að gerð væri úttekkt á kirkjulist hér á landi, sögu hennar og útbreiðslu. Kirkju- eða trúarlist eru hugtök allmikið á reiki. Er list endilega trúarlegs eðlis þótt hún standi í kirkju? Er trúarleg list einungis sú list sem fæðist í tengslum við kirkjuna? Slikum spurningum er erfitt að svara. En það hefur verið reynt að einhverju leyti á Kjarvalsstöðum, þar sem nú stendur yfir sýningin „Kirkjulist“, sannkölluð páska-sýning.

Kirkju- list

og önnur trúarleg list sýnd á Kjarvalsstöðum

I. Sýningin er á vegum kirkjulist-arnefndar, en í henni eiga sæti þeir Björn Th. Björnsson, dr. Gunnar Kristjánsson og Jóhannes S. Kjarval. Í dómnefnd sátu auk þeirra, Björg Þorsteinsdóttir og Niels Hafstein. Hönnuðir sýningarinnar voru arkitektarnir Dagný Helgadóttir og Guðni Pálsson. En um aðra hönnun, s.s. merkis, sýningarskrár og auglýsingaspjalda sá Ólöf Baldursdóttir og Auglýsingastofa Ólafs Stephensens.

Af öllum þeim fjölda fólks sem að sýningunni stendur, má ráða umfang og stærð hennar. Hvert horn Kjarvalsstaða hefur verið lagt undir þetta mikla fyrirtæki. Í hverjum krók og kima eru annað hvort ný eða gömul verk sem að einhverju eða mestu leyti standa í tengslum við kirkju og trú. Vegleg og fallega hönnuð sýningarskrá upp á nær 80 síður spannar ýmsa þætti trúarlegrar listar um leið og hún gerir sýningargripum verðug skil.

Inngangur skrárinnar er ávarp biskups, herra Péturs Sigurgeirssonar, en á eftir kemur grein dr. Gunnars Kristjánssonar „Trúarleg list — Kirkjulist“. Ekki er mér örgrannt um að dr. Gunnar gangi einum of langt í að stimpla ýmsa veraldlega list sem geistlega. Ef öll þau listaverk sem hann tinar til eru trúarleg, hellamálverkin jafnt sem „Guernica“ Picassos, er hreinn óþarfi að halda sérstaka trúarlistarsýningu.

II.


Ritgerðir Björns Th. Björnssonar „Um kór og skip“ og Harðar

Ágústssonar „Íslensk kirkjubýgging að fornu og nýju“, eru markvissar og skýrt afmarkaðar við kirkjulist að fornu og nýju. Þær eru því einkar fróðlegar aflestrar og gera sýningarskrána að ágætu heimildariti og vönduðu.


Ekki er laust við að lesandinn skynji vissan „söknuð eftir pápískunni“ í báðum ritgerðum. Það er í sjálfu sér eðlilegt. Ef lítið er á það með hverjum hætti siðaskiptunum var þröngvað upp á okkur og hvernig postular mótmælendakirkjunnar gengu í skrokk á eldri kirkjulist íslenskra, verður tónninn í greinum fagurkeranna Björns og Harðar skiljanlegri. Svipaður söknuður hrjáir sjálfa forsvarsmenn lútherskriðar í dag. Það sést best á nýlegri endurvakningu fjölbreytilegra rítúals við guðsþjónustur í kirkjum landsins. Því þrátt fyrir gömul glappaskot, aflátssölu og annað, verður Leó páfi X. listelskandi mönnum ætíð kærari en Lúther og láí þeim hver sem vill. Og Íslendingum mun Jón Arason ávallt verða kærastur allra biskupa.

Enda komu í stað reisulegra kirkna miðalda ríslítil og ræfilsleg guðshús hins nýja siðar, rúin flestu skrauti sem áður hafi verið fólki til augnayndis. Þeir listamenn sem áður höfðu þjónað kirkjunni hurfu og í stað þeirra komu lítt menntaðir, handverksmenn, þá sjaldan að kirkjan leitaði á náðir innlendra vönduð um kirkjuprýði.


Áhorfendur hljóta því að fyllast vissri lotningu frammi fyrir þeim innileik sem stafar af hverjum þeim grip sem íslenskir haggleiksmenn skópu á fyrstu öldum lúthersk-



„Án titils“ 1978-79. Svartkrítarverk í 25 einingum eftir Kristín G. Harðarson.



„Teikn“, 1982-83. Þetta málverk eftir Bjarna H. Þórarinnsson er eitt hið athyglisverðasta á sýningunni. 200x400 cm.



„Handhæga settið“, 1969. Verkið sem er eftir Magnús Tómasson, er úr járn og flaueli.

Sveit Þórarins Sigþórssonar Íslandsmeistari

Glæsilegur sigur

Sveit Þórarins Sigþórssonar varð Íslandsmeistari í sveitakeppni 1983. Hún sigraði sveit Sævars Þorbjörnssonar í hreinum úrslitaleik, með miklum og eftirminnilegum glæsibrag.

Með Þóarni eru í sveitinni: Björn Eysteinnsson, Guðmundur Páll Arnarson, Guðmundur Sveinn Hermannsson, Guðmundur Sveinsson og Þorgeir Pétur Eyjólfsson.

Þetta er í þriðja skiptið sem Þóarinn sigrar þetta mót, en í fyrsta skiptið hjá öllum hinum. Sannarlega menn framtíðarinnar í þessari sveit.

Til úrslita kepptu 8 sveitir, 7 úr Reykjavík og 1 frá Akranesi (vísast í leikjatoflu).

Sveit Þórarins fékk 128 stig út úr þessum 7 leikjum af 140 stigum mögulegum. Og nýtt met þar staðfest, hvað varðar vinningshlutfall. Til hamingju með það, strákar.

Ef við rekjum gang þessa Íslandsmóts, sem var svolítið sérstætt að því leytnu að spiluð voru sömu spil í öllum leikjum, tölvugefin. Eitthvað hefur farið úrskedið í mótun á þróuninni þessarar tölvu, því spilin sem sáu dagsins ljós í þessu móti voru flest efni í brandara. Og 224 brandarar í einu er fullmikið af því góða. Jafnvel þó Þóarinn eigi í hlut.

Útkoma sveitanna átta varð nokkuð eins og við var búist. Fjórar í sérflokk og hinar áþekkar. Alla vega eru mörg ár síðan fjórar neðri sveitirnar fá eins fá stig útúr leikjunum og raun bar vitni, eða aðeins 135 stig af 440 mögulegum.

Í 1. umferð bar það helst til tíðinda að Sævar tapaði fyrir Þórði og héldu menn þá að eitthvað væri í uppsiglingu sem í annála yrði skráð. En annað kom á daginn. Úrslit í öðrum leikjum voru nokkuð eðlileg þó Þóarinn „gæfi“ út 6 vinningsstig. Ekki svo gott að sjá fyrir endinn þar.

Í 2. umferð var nokkuð ljóst að Þóarinn yrði skeinuhættur í mótinu eftir 16-4 sigur á sveit Jóns Hj. Sveit Karls fékk óskabyrjun, vann aftur hreint og var með 40 stig af 40 mögulegum.

Í 3. umferð vann Karl aftur hreint og var nú kominn með 60 stig af 60 mögulegum. Þóarinn vann Aðalstein einnig hreint og Sævars-menn tóku Óðalsbændur í tíma með 19-1 sigri. Staðan var þá þessi:

Sveit Karls 60 stig.
Sveit Þórarins 50 stig.
Sveit Sævars 48 stig.

Og ljóst að þessar þrjár sveitir böðust um sigur.

Í 4. umferð mættust svo Þóarinn og Karl. Og Þóarinn innbyrti 19-1 sigur örugglega, á meðan Sævar fékk öll stigin á móti Aðalsteini. Og staðan orðin þessi:

Sveit Þórarins 69 stig.
Sveit Sævars 68 stig.
Sveit Karls 61 stig.

Í 5. umferð varð ljóst að Þóarinn og Sævar yrðu einir um hituna í lokin um sigurinn. Sævar vann Karl með 18-2 og Þóarinn vann Ólaf með 19-1. Tóti átti því 2 stig á Sævar eftir 5 umferðir.

Í 6. umferðir rústaði Þóarinn svo Þórði hreint og Sævar fékk sinn skammt á móti Ólafi, einnig 19-1. Staðan var þá þessi fyrir síðasta leik:

Þóarinn 108 stig.
Sævar 105 stig.
Karl 73 stig.
Jón Hj. 69 stig.

Og svo skemmtilega vildi til (það var dregið um röð sveita) að tvær efstu sveitirnar kepptu innbyrðis í síðasta leik og sveitir no. 3 og 4 einnig innbyrðis.

Í baráttunni um 3. sætið hafði Karl betur og sigraði með 12-8. Úrslitaleikurinn var sýndur á

MÓTSTAFLA										
FYRIR ÚRSLIT ÍSLANDSMÓTS Í SVEITAKEPPNI										
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	Stig	Röð
1. Sævar Þorbjörnsson	♠	20	19	20	18	19	÷3	9	102	2.
2. Bragi Hauksson	♥	÷4	5	13	10	6	6	16	42	5.
3. Jón Hjaltason	♦	1	20	11	8	13	4	20	77	4
4. Aðalsteinn Jørgensen	♣	÷4	7	9	0	7	÷4	20	35	7
5. Karl Sigurhjartarson	♠	2	10	12	20	20	1	20	85	3.
6. Ólafur Lárusson	♥	1	14	7	13	0	1	0	36	6.
7. Þórarinn Sigþórsson	♦	20	14	16	20	19	19	20	128	1.
8. Þórður Eliasson	♣	11	4	÷3	÷4	÷2	20	÷4	22	8.

Sveit Þórarins Sigþórssonar, Íslandsmeistari í sveitakeppni 1983. F.v. eru Guðmundur Páll Arnarson, Þóarinn Sigþórsson fyrirliði, Björn Eysteinnsson, Guðmundur Sveinsson, Guðmundur Sv. Hermannsson og Þorgeir P. Eyjólfsson.

sýningartöflu á Loftleiðum að viðstöddu miklu fjölmenni. Jakob R. Möller og Stefán Guðjohnsen skiptust á gáfulegum athugasemdum um leikinn (í stíl Hemma Gunn.). Þóarinn-Guðm. Páll og Björn-Guðm. Herm., spiluðu leikinn fyrir sveit Þórarins og er skemmt frá því að segja, að þessir fjórir sýndu mikla yfirveg og mjög góða spilamennsku á sýningartöflunni. Það góða, að sennilega hefðu fáið staðist þeim snúning í þessum leik. Það má segja að sveit Sævars var óheppin að mæta fjórmenningunum í þessu banastuði, einmitt í síðustu umferð, því sveit Þórarins var einfaldlega betri í þessum leik. Miklu betur, því úrslitin urðu 20-3 Þóarinn í vil, eða 109-30 í imp-stigum. Í hálfleik var staðan 51-17. Að gefa út aðeins 30 stig í leik, þykir mjög góð spilamennska. En að gefa út 30 stig í þessum leik, eru úrslit allra tíma.

Umsjón Ólafur Lárusson



flestir stóðust eða slefuðust einn niður á öfugum hættum?

Ef einhver hefur gaman af þessu, þá er það áhorfandinn sem situr við hlöðina á spilaranum og glottir að ping ponginu.

Röggssamur keppnisstjóri á móti var Agnar Jørgensen. Aðstaða var öll til fyrirmyndar, svo og frágangur og skipulagning mótshalds. Vert er að geta fréttafletnings af mótinu, sem var með eindæmum góður og til mikillar fyrirmyndar. Þó hefði verið gaman að sjá „lifandi“ mynd í sjónvarpinu okkar af mótinu og sigurvegurum þess, í stað vangamyndar af Þóarni rúmleg tvítugum, þó myndarlegur sé.

Þátturinn óskar þeim félögum innilega til hamingju með þennan glæsilega sigur.

Frá Bridgesambandi Vesturlands

Helgina 9. og 10. apríl n.k. verður Vesturlandsmótið í tvímenning haldið í Hótel Stykkiðhólmi. Spilaður verður Barometer og keppnisstjóri verður Guðmundur Hermannsson. Mótið er opið öllum bridgespilurum á Vesturlandi.

Keppnisgjald verður kr. 800 á mann og er innifalið í því gisting.

Frá Bridgefélagi Reykjavíkur

Eftir 1. kvöldið á 3 í Butler keppni félagsins, sem 32 pör taka þátt í, er staða efstu para þessi:

Sigurður Sverrisson	77.
- Valur Sigurðsson	
Ágúst Helgason	74.
- Ólafur Valgeirsson	
Guðni Þorsteinsson	73.
- Sigurður B. Þorsteinsson	
Jón Baldursson	70.
- Hörður Blöndal	
Guðmundur P. Arnarson	64.
- Þóarinn Sigþórsson	
Bragi Erlendsson	63.
- Ríkhartur Steinbergsson	
Aðalsteinn Jørgensen	61.
- Stefán Pálsson	
Hjalti Eliasson	60.
- Guðmundur Pétursson	

Meðalskor er 50.


Frá Bridgefélagi Suðurnesja

Forkeppni meistarmóts Suðurnesja hófst mánudag 14. mars '83. Spilaðir eru 16 spila leikir 13 sveita. Fjórir fyrstu spila til úrslita innbyrðis.

Staðan eftir fjórðu umferð er þessi:

1. Haraldur Brynjólfss.	61 stig 4 leikir
2. Grethe Iversen.....	59 stig 4 leikir
3. Alfréð Alfréðsson...	56 stig 4 leikir
4. Sigurður Brynjólfss.	47 stig 4 leikir
5. Guðmundur Ingólfsson	37 stig 3 leikir
6. Jóhannes Ellertsson	36 stig 3 leikir

Næst er spilað á mánudag. Félagar eru minntir á æfingar á fimmtudögum í Framsóknarhúsinu.



Óvenjulegur skírnarfontur úr Oddakirkju á Rangárvöllum. Fonturinn er í rökostól eftir Ámunda smíð Jónsson, gerður 1804.

unnar. Þrátt fyrir einangrun og niðurlægingu, fátækt og rýran efniskost, stendur alþýðulist okkar frá 16. til 19. aldar fyllilega jafnfætis alþýðulist annarra þjóða. Það væri út í hött að bera hana saman við opinbera list Evrópu, sem þrýddi rikustu kirkjur álfunnar. Hér var hvorki keisari né konungur, kardínáli eða páfi til að panta slíka list eða styðja við bakið á haggleiksmönnum, svo þeir mættu læra gerð slíkrar listar. En þrátt fyrir það að við eignuðumst aldrei neinn Rubens, voru í þrengingum liðinna alda sköpuð listaverk sem miðuð við aðstæður eru meðal þess besta sem gert hefur verið í íslenski list.

III.

Það þarf vart að tíunda dæmi þessu til sönnunar. Á sýningunni eru þau ófá, svo sem skírnarfonturinn úr Oddeyrarkirkju eftir Ámunda Jónsson, predikunarstóll síra Hjalta Þorsteinssonar í Vatnsfirði, legsteinarnir úr hinum ýmsu kirkjugörðum og altarlíkanin úr Berufjarðarkirkju og Staðarkirkju í Súgandafirði. Þetta eru lifandi dæmi um listfengi sem aldrei var dregið, þótt oft lægi við að illa færi. Þessum alþýðuvöndum verður heldur ekki borinn á brún skortur á trúarlegri sannfæringu. Þar hafa þeir vissulega vinninginn umfram margan listamann nútímans, en innlifun í þá átt hlýtur að vera forsenda góðrar trúarlegar listar. Hitt dylst engum að meðal þeirra listamanna lifandi sem sýna verk sín á kirkjulistarsýningunni eru margir afbrigðisgóðir fulltrúar kirkjulegrar listar og hjá nokkrum örlar á sannverðugri, trúarlegri innlifun.

Einhver helsti fulltrúi hins fyrrnefnda, eða kirkjulegrar listar, er Leifur Breiðfjörð. Varla þarf að rápa lengi um salina til að uppgötva þann kraft og stórhug sem felst í undirbúningsteikningum og uppdráttum hans að hinum ýmsu steindu gluggum í kirkjum hér heima og erlendis. Leifur er sannkallaður meistari glerlistarinnar

hér á landi.

Í síðarnefnda hópnum á Bjarni Þóarinsson væntanlega sterkasta framlagið. Hið risastóra málverk hans „Teikn“, tveir metrar á hæð og fjórir metrar á lengd, er í senn tilprifamikið og þrungið spennu. Bjarni fer ekki auðveldustu leiðina að trúarverkinu. Í stað þess að leita í lífi og pínu Krists að viðfangi, eins og flestir listamennanna að Kjarvalsstöðum gera, kafar hann í list miðalda og finnur þar mun óræðara yrkisefni. Verkið er nefnilega fullt af dulúð (mystik) sem allt of sjaldan finnst í trúarverkum nútímans.

IV.

Annars er fullt um finan drátt á þessari sýningu og margt kemur skemmtilega á óvart sakir óvenjulegrar túlkunar. „Handhæga settið“ eftir Magnús Tómasson er nappurt í einfaldleik sínum og minnir okkur á grimmdina gegn mannkyninu fyrr og síðar. „Myndflokkur um Mannssoninn“ eftir Hörð Ágústsson, sex mynda röð, er býsna áleitið verk og „Á Valhúsahæð“ Einar Hákonaarsonar er eitt hans besta pródukt í seinni tíð. Þá eru báðar myndir Gunnars Arnar Gunnarssonar stórgóð verk unnin af miklu næmi. „Án titils“, vefur Ásgerðar Búadóttur er smár en kröftugur og meðfylgjandi vinnuteikning er einkar upplýsandi um persónuleg einkenni listar hennar og tilurð.

Auðvitað er hér enginn kostur á að gera þeim 242 verkum sýningarinnar fullnægjandi skil; en óhætt er að hvetja fólk til að líta inn að Kjarvalsstöðum og sjá með eigin augum þetta merkilega safn trúar- og kirkjulegra verka. Þótt alltaf megi finna eitthvað sem betur hefði mátt fara, gripi og listaverk sem gagnlegt hefði verið að sýna þar almenningi, er þetta lofsvert og tímabært framtak. Án efa mun sýningin verða mönnum lengi minnisstæð sem einhver skilmerkilegasta þemasýning sem hér hefur verið haldin.